

## Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn – A dómara–

Lagt er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á fyrsta hluta greinar 4.3., viðbót ská- og feitletruð:

- 4.3. Landsdómarar í A-flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ. Þeir skulu ásamt öðrum störfum dæma alla leiki í Pepsi-deild karla og ***kvenna*** og alla leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum ***og kvenna frá og með 4 liða úrslitum***. Þeir skulu annast að minnsta kosti 25 störf á keppnistímabilinu“.

### **Greinargerð:**

Það er í anda jafnréttisáætlunar KSÍ að bjóða þátttakendum í úrvalsdeild kvenna upp á dómara í sama gæðaflokki og eru í úrvalsdeild karla.

Með þátttakendum er átt við knattspyrnukonurnar, stjórnir knattspyrnufélaganna, þjálfara, aðstandendur og áhorfendur.

Þessi regla skal taka gildi strax en með heimild til að „Landsdómarar B“ dæmi í Pepsi deild kvenna næstu 2 ár á meðan verið er að fjölga „Landsdómurum A“. Þó skal hvert lið í Pepsi deild kvenna fá fimm leiki á ári með „Landsdómara A“.

**UMSK**